

## 5. fundur *Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara í mennta- og menningar- málaráðuneytinu 30. september 2014, kl. 10-13.*

### Mættir:

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímisdóttir, Ársæll Guðmundsson, Björg Pétursdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Gunnar Gíslason, Haraldur A. Haraldsson, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Klara E. Finnbogadóttir, Kristín Valsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Steinunn Inga Óttarsdóttir og Sólrún Harðardóttir.

Sigurjón setti fundinn og bauð fólk velkomið.

### **Starfsáætlun og forgangsröðun verkefna**

Aðalheiður Steingrímisdóttir fór yfir markmiðin með stofnun fagráðs og leit til baka til ársins 2011 þegar unnið var að undirbúningi að stofnun þess. Aðilar úr ólíkum áttum kæmu að sama borði, m.a. til að öðlast yfirsýn sem myndi hjálpa við að setja fram stefnu og meta hverjar þarfirnar væru. Sjá glærur (140930ASt.ppt).

Ársæll Guðmundsson lýsti því að finna mætti fyrir nokkurri óþreyju í fagráðinu en nú færum við að stilla fókusinn. Hann greindi ákveðin skeið í starfi fagráðsins og það fyrsta hafi verið tímabil tilvistarkreppu. Fólk þurfti að átta sig á hlutverki sínu, margt þurfti að ræða og ríkisstjórnarskipti áttu sér stað. Eftir yfirlýsingu ráðherra á fagráðsfundi 5/5 sl. um stuðning við fagráðið lauk þessu skeiði. - Það er hlutverk okkar í fagráðinu að leiða samtalið um starfsþróun kennara og stjórnenda, við þurfum að íhuga virkni fagráðsins og rætt hefur verið um aukið samspil stýrihóps og fagráðsins í heild sinni.

Sólrún Harðardóttir greindi stöðu verkefna á verkefnaáætlun þeirri sem hún tók saman og dreifði í maí sl. Einhverjum er lokið eða komin á flug, flest eru í vinnslu en nokkur eru varla farin af stað. Ýmis verkefni eru fremur aðgengileg og má koma þeim vel áleiðis fljótlega. Þar má nefna lista yfir þá sem bjóða símenntunarnámskeið og styðja við starfsþróun fyrir kennara. (Sjá 140930starfid.pptx og starfidframundanL.pdf (vistað á vinnusvæði)).

### **Future Teachers – ráðstefnan:**

Fagráðið þarf að taka á þeim hugmyndum sem komu fram á ráðstefnunni og ræða hvort og hvernig við getum nýtt þær í stefnumótun okkar. Efniviðurinn sem við höfum úr að móða er á vef fagráðsins: [starfsthrounkennara.is](http://starfsthrounkennara.is)

Jón Torfi Jónasson reifaði helstu hugmyndir sem fram komu á ráðstefnunni og tengjast beint starfi fagráðsins. Hann dreifði punktum til upprifjunar og umhugsunar eftir ráðstefnuna. Jón Torfi dró saman áherslur hvers fyrirlesturs og síðan varpaði hann fram atriðum til umhugsunar og umræðu fyrir fagráðið. Þessi atriði tengdust stefnumörkun og framkvæmd en einnig tiltók Jón Torfi sérstaklega samtal sem hann telur að eigi að vera einn aðaltilgangur fagráðsins.

(Sjá: 140930FuturePunktarJTJ.pptx á vinnusvæði)

Sigurjón fór yfir hvaða gögn við hefðum frá ráðstefnunni sem vistuð eru á vefsíðunni starfsthrounkennara.is. Auk fyrirlestra má þar finna helstu niðurstöður málstofa (sem unnar voru útfrá fremur ólíkum skýrslum hveffrar málstofu), frásagnir af vinnustofum, upptöku af panel, frétttaflutning af ráðstefnunni og fleira.

Nokkur umræða spratt útfrá inngangi Jóns Torfa og umræðupunktum. Ákveðið var að stofna vinnuhóp um málið þar sem dregnir væru saman stærstu póstarnir. Efnið væri mikilvægt þegar kæmi að vinnu fagráðsins við stefnumörkun. Ákveðið var að fulltrúar í stýrihópi kæmu með tillögur um fulltrúa hvers baklands. Sólrún mun vinna með hópnun.

### **Skýrsla RHA um sjóðaumhverfi í starfsþróun kennara**

Sólrún fór yfir verkefnalýsingu sem kemur fram í samningi við RHA um gerð skýrslunnar. Hún gaf einnig yfirlit um skýrsluna eins og hún barst okkur og dró fram aðalatriðin. (Sjá: 140930Haskýrsla.ppt)

Aðalheiður, Jón Torfi, Gunnar og Sigurjón sögðu frá helstu viðbrögðum í baklöndum sínum. Hér er vísað til skjala á vinnusvæði fagráðs (eitt er ókomið en væntanlegt).

Í umræðum var vakin athygli á að ýmsar tengdar upplýsingar eru aðgengilegar á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga. 1% af heildarkostnaði á rekstri skólakerfisins fer í starfsþróun kennara. Það þótti skrýtið að ekki væri sérstaklega talað um ríkið sem stendur að rekstri framhaldsskóla, eins og um sveitarfélög sem reka grunn- og leikskóla. Gunnar var ekki viss um að tilhneigingin væri að fjármagn til starfsþróunar væri gert miðlægt á skólaskrifstofum / fræðsluviðum hjá stærri sveitarfélögum. Rétt að líta þannig á að skýrslan gefi ákveðnar vísbendingar og við verðum að horfa á hana í samhengi við stóru myndina. Skýrslan er um staðreyndir en þar væru ekki vangaveltur, við ættum að líta á hana sem verkfæri en ekki markmið í sjálfri sér, og þó hægt væri að fá fyllri upplýsingar um ýmislegt, þurfum við að vera meðvituð um hvað það skilar okkur. Kristín Valsdóttir talaði um að hún vildi bregðast við því sem sagt væri um LhÍ, þar hefðu orðið miklar breytingar. Ingibjörgu Kristleifsdóttur þótti vanta í skýrsluna að greina frá þeim tíma sem skilgreindur er til starfsþróunar hjá kennurum. Haraldur benti á að tónlistarkennarar gætu einnig sótt fé í starfsmenntunarsjóð FÍH, en það kemur ekki fram í skýrslunni. Flokka má fé til starfsþróunar í tvennt: Fé sem fæst í gegnum kjarasamninga og annað fé. Jón Torfi álitur það fyrrnefnda eign kennara. Aðalheiður benti á að ef ekki kæmi til fé í gegnum kjarasamninga væri lítið fé í pottinum ætlað til starfsþróunar.

Ákveðið var að stofna lítinn hóp til þess að vinna áfram með skýrsluna. Mikilvægt þótti að þar væru fulltrúar frá KÍ og sveitarfélögum. Sólrún mun lenda þessari hópmyndun í samráði við stýrihóp.

### **TALIS (upphitunarumræða)**

Hvað segir í TALIS um starfsþróun og hvað getum við gert með þær upplýsingar? Þurfum við að vita eitthvað fleira? Þetta verður viðfangsefni á næsta fagráðsfundi og líklega munum við reyna að fá gesti inn á fundinn frá Námsmatsstofnun. Fyrsta TALIS könnunin var lögð fyrir árið 2008 og svo 2013. Gögnin gefa gott tilefni til að ræða ýmsar hliðar starfsþróunarmála.

### Samstarf við Námsmatsstofnun

Í þessu samhengi sagði Sigurjón frá erindi Arnórs Guðmundssonar við stýrihóp fyrr í dag. Arnór óskaði eftir samstarfi á milli fagráðsins og sérfræðinga Námsmatsstofnunar. Stofnunin hefur haldið reglulega kynningarfundum um PISA og TALIS. Nú er áhugi fyrir að efna til fundaraðar og dýpka umræðuna og breikka. Umræðuefni fundanna væru alþjóðlegar kannanir, s.s. PISA (Almar M. Halldórsson) og TALIS (Ragnar Ólafsson) ásamt ytra mati á skólastarfi (Þóra Björk Jónsdóttir). Þannig væri fengin fram betri heildarmynd. Arnór talar um að fá samstarf við fagráðið með það fyrir augum að ná samtali um það sem lýtur að kennurum. Skipulagður hefur verið fundur í Hannesarholti strax í næstu viku.

Fólki leist vel á þetta og var samþykkt því að vera með í umræðum með Námsmatsstofnun. Sólrún mun senda fagráðinu tilkynningu um fundinn þegar hún liggur fyrir.

### **Hvítbókin og starfsþróun**

Ársæll gaf yfirlit yfir hvernig starfsþróun og símenntun kennara og skólastjórnenda birtist í hvítbók ráðuneytisins. Talað er um starfsþróun með beinum hætti í hvítbókinni en jafnframt er víða rætt um nýbreitni, eflingu kennara og fleira sem kallar beinlínis á símenntun og starfsþróun. Ársæll merkti við þessa staði í hvítbókinni (sjá: 140930HvitbokAG.pptx). Hann lýsti því hvernig horft er til fagráðsins um að framkvæma markmið hvítbókarinnar.

Jón Torfi lagði til að hugmyndir stjórnvalda sem birtast í hvítbókinni og þáttur fagráðsins verði sérstaklega ræddar á næsta fundi fagráðs.

### **Önnur mál**

Næsti fundur fagráðs er ákveðin 11. nóvember.

*Sólrún Harðardóttir  
fundarritari*